

Ed.

518. Frumvarp

til laga um lífeyri handa fyrverandi skrifstofustjóra Alþingis Einari Þorkelssyni.

Frá fjárveitinganefnd.

Fyrverandi skrifstofustjóra Alþingis Einari Þorkelssyni greiðast árlega úr ríkissjóði 2150 krónur í lífeyri, ásamt verðstuðulsuppbót eftir ákvæðum launaganna, frá 1. janúar 1924 að telja.

Greinargerð.

Fyrverandi skrifstofustjóri Alþingis Einar Þorkelsson hefir orðið fyrir því mótlæti að missa heilsuna, og er þess lítil von, að hann verði starfsfær aftur. Hann hefir starfað við Alþingi í mörg ár og verið skrifstofustjóri þess síðan 1914, þar til hann varð að segja þeim starfa lausum frá síðustu áramótum vegna heilsubrestsins, og hafa forsetar Alþingis, í samráði við fjárveitinganefndirnar, ákveðið honum lífeyri fyrir yfirstandandi ár.

Maður þessi hefir staðið mjög vel í stöðu sinni, en er efnalaus og hefir orðið að kosta miklu til síðustu árin til þess að ná heilsu, og á auk þess fyrir stórrí fjölskyldu að sjá.

Fjárveitinganefndin telur nú skylt að tryggja manni þessum nokkurn lífeyri úr ríkissjóði, og ber því fram frumvarp þetta.